

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

*Deiliskipulag Hlíðarbæjar.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 8. desember 2020 breytt deiliskipulag, sem hefur verið auglýst samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær til hverfisins Hlíðarbæjar sem er í norðanverðum Hvalfirði ofan við Hvalfjarðarveg nr. 47.

Deiliskipulag fyrir Hlíðarbæ var gert árið 2006 og var þá gert ráð fyrir 29 lóðum fyrir utan þær 9 íbúðahúsalóðir sem nú þegar eru byggðar. Í nýju deiliskipulagi er svæðið töluvert minna og ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis, með síðari breytingum, frá árinu 2006.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 31. mars 2021.*

F.h. skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar,

**Jökull Helgason.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2021